

**Þingsályktun**

**um málefni Litáens.**

Alþingi ályktar að staðfesta að viðurkenning ríkisstjórnarinnar frá 1922 á sjálfstæði lýðveldisins Litáens er í fullu gildi.

Alþingi styður ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. janúar 1991 að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litáen um viðræður um stjórn málasamband.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leiða málið til lykta með því að taka upp stjórn málasamband við Litáen svo fljótt sem verða má.

*Samþykkt á Alþingi 11. febrúar 1991.*

